



Íslandsbanki hf.

AFKOMA FYRRI ÁRSHELMINGS 2018

Helstu atriði í afkomu fyrri ársheimings 2018 (1H18)

- Hagnaður eftir skatta var 7,1 ma. kr. (1H17: 8,0 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár 8,2% á ársgrundvelli (1H17: 9,2%).
- Hagnaður af reglulegri starfsemi var 6,8 ma. kr. (1H17: 7,4 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 15% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) 9,9% á ársgrundvelli (1H17: 11,2%).
- Hreinar vaxtatekjur voru 15,3 ma. kr. (1H17: 15,2 ma. kr.) og var vaxtamunur 2,8% (1H17: 2,9%).
- Hreinar þóknatekjur voru 5,8 ma. kr. (1H17: 6,8 ma. kr.) sem er 15% lækkun frá 1H17 og má að mestu rekja til lækkunar á þóknatekjum í tveimur dótturfélögum bankans.
- Virðisbreyting útlána skilaði 1,9 ma. kr. hagnaði á fyrri ársheimingi samanborið við 440 m.kr. hagnað á 1H17.
- Stjórnunarkostnaður án einskisliða jókst um rúm 3% á milli ára og nam 13,7 ma. kr. (1H17: 13,2 ma. kr.). Hækkunin skýrist einkum af samningsbundnum launahækkunum auk kostnaðar vegna innleiðingar á nýju grunnkerfi bankans.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 5,9% (44,8 ma. kr.) á 1H18 í samtals 800 ma. kr. Ný útlán á fyrri ársheimingi voru 98,5 ma. kr. og dreifðust vel á milli viðskiptaeininga bankans en innlán frá viðskiptavinum hækkuðu um 2% eða 11,4 ma. kr. Heildarinnlán námu 578 ma. kr.
- Lausa- og eiginfjárstaða bankans er áfram sterk og er umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið.

Helstu atriði í afkomu annars ársfjórðungs 2018

- Hagnaður eftir skatta var 5 ma. kr. og arðsemi eigin fjár 11,6% á ársgrundvelli sem er sambærilegur hagnaður og arðsemi miðað við sama tímabil árið 2017.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 4 ma. kr. sem er sambærilegt við annan ársfjórðung 2017 og var arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 15% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) 11,6% á ársgrundvelli (2F17: 11,8%).
- Hreinar vaxtatekjur voru 7,6 ma. kr. (2F17: 7,8 ma. kr.) og var vaxtamunur 2,8% (2F17: 3%).
- Hreinar þóknatekjur voru 3 ma. kr. (2F17: 3,5 ma. kr.).

Lykiltölur frá fyrri ársheimingi 2018

		1H18	1H17	2F18	2F17	2017
REKSTUR	Arðsemi eigin fjár 15% CET1 (af reglulegri starfsemi) ¹	9,9%	11,2%	11,6%	11,8%	10,3%
	Arðsemi eigin fjár (eftir skatta)	8,2%	9,2%	11,6%	11,3%	7,5%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	2,8%	2,9%	2,8%	3,0%	2,9%
	Kostnaðarlutfall ²	67,3%	59,2%	65,0%	58,3%	62,5%
	Hagnaður eftir skatta, ISK m	7.130	8.041	5.033	4.997	13.226
	Hagnaður af reglulegri starfsemi, ISK m ³	6.843	7.365	3.961	3.860	13.848
				30.6.2018	31.3.2018	31.12.2017
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, ISKm			172.182	166.337	181.045
	Eiginfjárlutfall A			20,5%	20,3%	22,6%
	Eiginfjárlutfall			21,6%	21,4%	24,1%
	Vogunarlutfall			14,5%	14,3%	16,2%
EFNAHAGUR	Eignir samtals, ISK m			1.111.742	1.088.308	1.035.822
	Áhættugrunnur, ISK m			819.349	795.923	775.492
	Útlán til viðskiptavina, ISK m			799.938	776.149	755.175
	Heildarinnlán, ISK m			593.805	588.759	578.218
	Hlutfall innlána á móti útlánum			69,1%	71,5%	74,0%

1. Hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af CET1 15% eigin fé, leiðréttur fyrir áhættulausum vöxtum á umfram eigin fé. Frá janúar 2018, hefur skilgreining á reglulegri starfsemi verið breytt og núna er undanskilinn hagnaður frá aflagðri starfsemi.
2. Reiknað sem: (stjórnunarkostnaður + framlag í Tryggingasjóð innistæðueigenda og fjárfesta – einskisliðir) / (Heildarrekstrartekjur – einskisliðir).
3. Hagnaður af reglulegri starfsemi er skilgreindur sem hagnaður að undanskildum einskisliðarkostnaði, til dæmis bankaskatti, virðisbreytingu lánasafnsins, virðisbreytingu vegna breytinga á flokkun eigna, kostnaði í tengslum við einskisliðarkostnað og virðisbreytingu viðskiptavildar.



Helstu atriði úr rekstri fyrri ársheimings 2018

- Bankinn hélt áfram að þróa nýjar stafrænar lausnir fyrir viðskiptavinum en sem dæmi má nefna að um 6.500 yfirdráttarlánaumsóknir að fjárhæð 2,2 ma. kr. voru sjálfkrafa samþykktar í Íslandsbanka appinu á fyrri hluta ársins.
- Innleiðing á nýju grunnkerfi bankans komst á lokastig og stefnt er að gangsetningu á þriðja ársfjórðungi 2018.
- Fjárfestingarbankastarfssemi var öflug á tímabilinu með ýmsum skuldabréfútgáfum og sambankalánum fyrir viðskiptavinum.
- Í apríl fékk bankinn endurnýjun viðurkenningar um góða stjórnarhætti frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti.
- Alþjóðlega fjármálatímaritið Euromoney valdi í júlí Íslandsbanka besta bankann á Íslandi árið 2018.
- Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings staðfesti í júlí lánshæfismat bankans í BBB+/A-2, stöðugar horfur.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

Rekstur bankans á fyrri helmingi ársins var umfram væntingar og skilaði bankinn hagnaði upp á 7,1 milljarð króna sem er 8,2% arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli. Móðurfélagið heldur áfram að skila stöðugum þóknana- og vaxtatekjum auk þess sem hagstætt efnahagsumhverfi hefur leitt til jákvæðrar virðisrýrnunar á eignasafni bankans sem stendur vel í alþjóðlegum samanburði.

Töluverð umsvif voru í fjárfestingarbankastarfssemi á fyrstu sex mánuðum ársins en sjávarútvegsteymi bankans var m.a. umsjónaraðili fyrir 190 milljóna evra sambankalán fyrir HB Granda og verðbréfamíðlun og fyrirtækjaráðgjöf bankans unnu náið saman við skuldabréfaútgáfur fyrir HS Veitur, Byggðastofnun, Eik fasteignafélag og Garðabæ.

Ánægðir viðskiptavinir Íslandsbanka hafa tekið stafrænum lausnum bankans fagnandi. Aldrei hafa jafn margir viðskiptavinir verið virkir notendur stafrænna lausna og sinna nú yfir 90% viðskiptavina hefðbundnum bankaviðskiptum í gegnum netbanka eða öpp Íslandsbanka. Greiðsludreifingar kreditkortareikninga og stafrænt greiðslumat húsnæðislána eru meðal þeirra lausna sem kynntar voru viðskiptavinum á fyrri helmingi ársins.

Bankinn gaf út ýmsar skýrslur á tímabilinu og í júlí valdi alþjóðlega fjármálatímaritið Euromoney Íslandsbanka sem besta bankann á Íslandi og var þetta í fimmta sinn sem bankinn hlýtur viðurkenninguna. Framundan er Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka sem er stærsti fjáröflunarviðburður ársins en í fyrra söfnuðust 118 milljónir króna til góðgerðarfélaganna. Við hvetjum alla til að taka þátt þann 18. ágúst og styðja við góðgerðarstarfssemi með áheimum á keppendur.

REKSTRARREIKNINGUR

m.kr.	1H18	1H17	Δ	2F18	2F17	Δ
Hreinar vaxtatekjur	15,342	15,211	131	7,602	7,814	(212)
Hreinar þóknatekjur	5,810	6,813	(1,003)	3,032	3,543	(511)
Hreinar fjármunatekjur	95	109	(14)	378	97	(281)
Hreinn gengismunur	(67)	370	(437)	(57)	169	(226)
Aðrar rekstrartekjur	1,600	215	1,385	1,587	55	1,532
Rekstrartekjur samtals	22,780	22,718	62	12,542	11,678	864
Laun og launatengd gjöld	(7,952)	(7,768)	(184)	(4,026)	(4,109)	83
Annar rekstrarkostnaður	(5,770)	(5,498)	(272)	(2,846)	(2,739)	(107)
Stjórnunarkostnaður	(13,722)	(13,266)	(456)	(6,872)	(6,848)	(24)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(579)	(515)	(64)	(287)	(262)	(25)
Sérstakur skattur á fjármálaafyrirtæki	(1,597)	(1,472)	(125)	(812)	(752)	(60)
Rekstrargjöld samtals	(15,898)	(15,253)	(645)	(7,971)	(7,862)	(109)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu fjáreigna	6,882	7,465	(583)	4,571	3,816	755
Hrein virðisbreyting fjáreigna	1,934	440	1,494	1,846	200	1,646
Hagnaður fyrir skatta	8,816	7,905	911	6,417	4,016	2,401
Tekjuskattur	(2,480)	(2,263)	(217)	(1,465)	(1,133)	(332)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	6,336	5,642	694	4,952	2,883	2,069
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádrögnum tekjuskatti	794	2,399	(1,605)	81	2,114	(2,033)
Hagnaður tímabilsins	7,130	8,041	(911)	5,033	4,997	36



Heildartekjur hækka lítillega miðað við fyrri hluta ársins 2017

Heildartekjur fyrri árshelmingis 2018 námu 22,8 ma. kr. sem er lítilleg hækkun frá 1H17.

Hreinar vaxtatekjur voru 15,3 ma. kr. sem er hækkun um 0,9% á milli ára. Vaxtamunur var 2,8% sem er 0,1% lægra en á 1H17. Þess er vænst að vaxtamunur haldist rétt undir 3,0% til skamms og meðallangs tíma.

Hreinar þóknunatekjur lækkuðu um 15% í 5,8 ma. kr. á 1H18 (1H17: 6,8 ma. kr.). Lækkunina má að mestu rekja til lægri þóknunatekna hjá tveimur dótturfélögum bankans.

Tekjur af grunnstarfsemi (hreinar vaxta- og þóknunatekjur) mynda um 93% af heildarrekstrartekjum á fyrri helmingi ársins sem er í samræmi við áherslu bankans á grunntekjur og markmið um að viðhalda stöðugu tekjustreymi til lengri tíma.

Hreinar fjármunatekjur voru 95 m.kr. á árshelmingnum samanborið við tekjur upp á 109 m.kr. á 1H17. Þessi liður samanstendur einkum af virðisbreytingum á hlutabréfaeign og viðskiptum með skuldabréf og hlutabréf. 67 m.kr. tap var af gjaldeyrisviðskiptum á 1H18 samanborið við hagnað upp á 370 m.kr. á 1H17.

Aðrar rekstrartekjur námu 1,6 ma. kr. á 1H18 (1H17: 215 m.kr.) og eru vegna sölu dótturfélags sem átti lóðir.

Kostnaðar svipaður og í fyrra fyrir utan einskiptisliði

Stjórnunarkostnaður jókst um 0,5 ma. kr. frá 1H17 sem samsvarar 3,4% hækkun en að teknu tilliti til verðbólgu var hækkunin 0,8%. Hækkunin skýrist einkum af samningsbundnum launahækkunum og kostnaði við innleiðingu á nýju grunnkerfi.

Á fyrri árshelmingi var meðalfjöldi starfsmanna í fullu starfi í móðurfélagi 868 (1H17: 926) og 1.052 (1H17: 1.103) í samstæðu. Fjöldi starfsmanna í móðurfélagi fyrir utan sumarstarfsmenn var 826 (1H17: 874) og 1.013 hjá samstæðunni (1H17: 1.071) fyrir samsvarandi tímabil.

Kostnaðarhlutfall í lok júní var 67,3% samanborið við 59,2% á sama tíma 2017, sem er yfir 55% langtímamarkmiði bankans. Bankaskattur og einskiptiskostnaður eru undanskilin við útreikning kostnaðarhlutfalls. Kostnaðarhlutfall móðurfélags var 57,6% í lok júní 2018.

Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta var 0,8 ma. kr. samanborið við 2,4 ma. kr. á 1H17. Hagnaðinn má rekja til sölu eigna og tekna af fullnustueignum. Hagnaðinn í fyrra má að mestu rekja til sölu eigna af hendi dótturfélaga bankans.

Virðisbreyting útlána

Hrein virðisbreyting útlána skilaði 1,9 ma. kr. hagnaði á fyrri árshelmingi samanborið við 440 m.kr. hagnað á 1H17 sem skýrist að mestu vegna afléttingar á skuldbindingu bankans vegna erlendra myntlána. Aðrar breytingar á hreinni virðisrýrningu eru hluti af reglulegri starfsemi bankans, þ.m.t. hrein endurmæling á tekjutapi.

Skattar og gjöld hafa áfram áhrif á hagnað

Tekjuskattur fyrstu sex mánuðina 2018 var 2,5 ma. kr. samanborið við 2,3 ma. kr. á 1H17. Virkur tekjuskattur var 28,1%, samanborið við 28,6% á 1H17 þegar óskattlagðar tekjur voru lægri. Bankaskatturinn var 1,6 ma. kr. á 1H18 (1H17: 1,5 ma. kr.). Bankaskatturinn jókst verulega árið 2013 og var þá kynntur sem tímabundin ráðstöfun en í langtímaáætlunum ríkisins kemur fram að ríkisstjórnin hyggst lækka skattinn smám saman úr 0,376% í 0,145% á tímabilinu 2018-2023. Bankinn greiðir sérstakan 6% fjársýsluskatt á hagnað umfram 1 ma. kr. ásamt því að greiða framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, til Fjármálaeftirlitsins og til umboðsmanns skuldara. Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta upp á 0,6 ma. kr., var sambærilegt við sama tíma árið 2017. Heildarskattar og gjöld voru 5,3 ma. kr. á 1H18 en voru 4,9 ma. kr. fyrir sambærilegt tímabil í fyrra.

Vöntun á alþjóðlegum mælikvarða varðandi vanskilalán með tilkomu IFRS 9

Í kjölfar innleiðingar á alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IFRS 9, er vöntun á samanburðarhæfum mælikvarða fyrir vanskilalán á milli banka. Það er þ.a.l. krefjandi að bera saman lánabók bankans við aðrar lánastofnanir og greina sögulega þróun. Evrópska bankastofnunin (the European Banking Authority) hefur hinsvegar skilgreint vanskilalán sem hlutfall lána á stigi 3 (stage 3) af vergu bókfærðu virði heildarlánabókar. Í lok júní 2018 stóð þetta hlutfall hjá Íslandsbanka í 2,3% miðað við 3,9% vegið meðaltal hjá evrópskum bönkum (miðað við lok mars 2018).



Hagnaður umfram væntingar bankans

Hagnaður eftir skatta var 7,1 ma. kr. (1H17: 8,0 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár á fyrri árs helmingi var 8,2% á ársgrundvelli (1H17: 9,2%) og var það umfram væntingar bankans. Hagnaður af reglulegri starfsemi var 6,8 ma. kr. (1H17: 7,4 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 15% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) 9,9% á fyrstu sex mánuðunum á ársgrundvelli (1H17: 11,2%). Hagnaður af reglulegri starfssemi dróst saman um 0,6 ma. kr., einkum vegna lægri þóknatekna frá tveimur af dótturfélögum bankans.

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir – áframhaldandi stöðugur vöxtur útlána til viðskiptavina og stærri efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur bankans stækkaði um 7,3% og nam 1.112 ma. kr. í lok júní 2018. Útlán til viðskiptavina jukust um 5,9% eða 44,8 ma. kr. á fyrri árs helmingi. Útlánaaukningin var þvert á lánaeiningar bankans en húsnæðislán jukust um 10,4 ma. kr. frá árslokum 2017. Ný útlán voru 98,5 ma. kr. á fyrri árs helmingi samanborið við 107,7 ma. kr. á sama tíma í fyrra sem er 8,6% lækkun. Útlán til ferðapjónustu hafa haldist óbreytt sem hlutfall af vel dreifðu heildarlánasafninu frá árslokum 2017 eða um 13%.

Fasteignir eru ennþá mikilvægasta tegund trygginga bankans. Vegið meðaltal veðsetningarhlutfalls (LTV) húsnæðis lánasafns bankans var 60,8% í lok júní 2018 samanborið við 63,2% í lok mars 2018. Veðsetningarhlutfall bankans var 16,5% í lok júní 2018 samanborið við 15,8% í lok mars 2018.

Lausafjárlutföll héldust mjög sterk m.a. vegna minnkandi samþjöppunar í innlánunum. Þrír liðir, handbært fé og innstæður hjá SÍ, skuldabréf og skuldagerningar og útlán til lánastofnana nema samtals u.þ.b. 275 ma. kr., og af því eru 244 ma. kr. laust fé.

EGNIR, m.kr.	30.6.2018	31.3.2018	31.12.2017
Handbært fé og innstæður hjá SÍ	166,194	177,029	189,045
Skuldabréf og skuldagerningar	48,603	49,140	27,090
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	13,581	10,208	10,177
Afleiðusamningar	3,209	4,673	2,896
Útlán til lánastofnana	59,858	47,220	26,617
Útlán til viðskiptavina	799,938	776,149	755,175
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	614	672	704
Rekstrarfjármunir	5,058	7,025	7,128
Óefnislegar eignir	4,774	4,412	4,231
Aðrar eignir	8,512	10,732	9,993
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	1,401	1,048	2,766
Egnir	1,111,742	1,088,308	1,035,822

Skuldir – fjölbreytt fjármögnunarstefna

Heildarskuldir voru 940 ma. kr. sem er 9,9% hækkun frá áramótum. Bankinn viðhélt sterkri lausafjástöðu og voru lausafjárlutföll vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið. Í lok júní var lausafjárlutfall (LCR) bankans 154% fyrir samstæðuna. Hlutfall stöðugar fjármögnunar (NSFR) í erlendum gjaldmiðlum var 147% fyrir móðurfélagið og 117% fyrir samstæðuna.

Heildarinnlán jukust um 2,7% á fyrri árs helmingi í 594 ma. kr. Innlán eru stærsti fjármögnunarliður bankans og er vel fylgst með samþjöppunaráhættu. Þessi hækkun er aðallega vegna innflæðis frá lífeyrissjóðum og frá meðalstórum fyrirtækjum



og einstaklingum. Hlutfall innlána viðskiptavina gagnvart útlánnum til viðskiptavina lækkaði í 72,3% í lok júní, samanborið við 74,1% í lok mars 2018. Hlutfall innlána á móti útlánnum er 69,1% í lok júní 2018 samanborið við 71,5% í lok mars 2018.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ, m.kr.	30.6.2018	31.3.2018	31.12.2017
Innlán SÍ og lánastofnana	15,391	13,563	11,189
Innlán viðskiptavina	578,414	575,196	567,029
Afleiðusamningar og skortstöður	7,075	8,104	5,492
Lántaka	288,360	269,255	217,748
Víkjandi lán	8,872	8,838	9,505
Skattskuldir	8,925	7,908	7,787
Aðrar skuldir	32,447	39,028	35,947
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	76	79	80
Skuldir	939,560	921,971	854,777
Eigið fé	172,182	166,337	181,045
Skuldir og eigið fé	1,111,742	1,088,308	1,035,822

Skuldabréfaútgáfa bankans var áfram farsæl á fyrri árshelmingi með útgáfu á innlendum víxlum og sértryggðum skuldabréfum og erlendum skuldabréfaútgáfum undir Global Medium Term Notes (GMTN) útgáfuramma bankans. Útgáfunum er ætlað að draga úr áhættu með því að auka fjölbreytni fjármögnunar. Útgáfa sértryggðra skuldabréfa nam 13 ma. kr. á fyrri árshelmingi sem var í takt við útgáfuáætlun bankans og er hann áfram stærsti útgefandinn á sértryggðum skuldabréfum á Íslandi.

Í janúar 2018 gaf Íslandsbanki út skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir evra (um 38 milljarðar íslenskra króna) til 6 ára með innköllunarheimild af hálfu útgefanda eftir 5 ár (6NC5). Bréfið ber 1,125% fasta vexti sem jafngildir 75 punkta álagi yfir millibankavexti í evrum. Fjórföld eftirspurn var eftir útgáfunni sem nam 1.255 milljónum evra frá 121 fjárfesti. Skuldabréfin voru seld til fjölbreytts hóps fjárfesta, m.a. frá Bretlandi, meginlandi Evrópu, Norðurlöndunum og Asíu. Viðskiptin mörkuðu tímamót í rekstri Íslandsbanka en um er að ræða lengstu skuldabréfaútgáfu og bestu kjör erlendis sem íslensk fjármálastofnun hefur gefið út frá árinu 2008. Í janúar 2018 gaf bankinn jafnframt út þrjú skuldabréf, hvert að fjárhæð 100 milljónir sænskra króna. Í apríl gaf bankinn út skuldabréf að fjárhæð 1.000 milljónir sænskra króna (um 11,9 ma. kr.) til 4 ára með innköllunarheimild af hálfu útgefanda eftir 3 ár (4NC3). Skuldabréfið ber fljótandi vexti, 80 punkta ofan á 3 mánaða millibankavexti í sænskum krónum og var selt til breiðs hóps fjárfesta á Norðurlöndum. Í lok júní gaf bankinn út tvö skuldabréf, að fjárhæð 300 milljónir sænskra króna og 350 milljónir sænskra króna.

Eigið fé

Heildar eigið fé bankans nam 172 ma. kr. í lok júní 2018 samanborið við 181 ma. kr. í árslok 2017. Þar af er hlutdeild minnihluta 2,4 ma. kr. Nafnvirði hlutabréfa bankans var 10 ma. kr. í lok júní 2018 og hlutafé var 65 ma. kr.


Eiginfjárlutfall bankans var 21,6% í lok júní 2018 samanborið við 21,4% í lok mars 2018 sem er umfram markmið bankans um 20,3-21,3%. Eiginfjárlutfall þáttar 1 (Tier 1) var 20,5% í lok júní samanborið við 20,3% í lok mars 2018. Fjármálaeftirlitið (FME) setur kröfur um lágmarkseiginfjárlutfall upp á 19,8%.

Fyrir ári síðan kynnti bankinn í fyrsta sinn til sögunnar nýtt langtíma eiginfjármarkmið. Þetta markmið byggir á innra matsferli fyrir eiginfjárförf (ICAAP) og könnunar- og matsferli (SREP). Það gerir ráð fyrir að bankinn viðhaldi kröfu um eigið fé sem er 0,5-1,5% hærra en SREP krafan gerir ráð fyrir til að tryggja það að skammtímaflökt valdi því ekki að hlutfallið fari niður fyrir kröfur regluverksins. Eiginfjármarkmiðið styður við stefnu bankans og gerir ráð fyrir breytingum eða óvissu í rekstrarumhverfinu. Það getur breyst með tímanum og endurspeglar breytingar í áhættustýringu, stefnu bankans og ytra umhverfi. Nýlega tilkynnti Fjármálastöðugleikaráð samþykkt um að beina tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að




sveiflujöfnunarauki yrði hækkaður um 0,5 prósentustig, í 1,75% á tímabilinu 2018-2023. Sú hækking mun taka gildi í maí 2019.


Áhættuvegnað eignir á móti heildareignum (ma. kr.)



Vogunarhlutfall



Eiginfjárlutfall



Íslandsbanki notar staðalaðferð til að meta áhættuvegnað eignir sem námu 819,3 ma. kr. í lok júní 2018, eða 73,7% af heildar eignum, sem er hófleg aukning um 2,9% frá mars 2018. Vogunarhlutfall í lok júní var 14,5%, samanborið við 14,3% í lok mars 2018 sem telst hóflegt.

Lánshæfismat

Íslandsbanki er eini íslenski bankinn með lánshæfismat frá tveimur alþjóðlegum lánshæfismatsfyrirtækjum, Fitch Ratings og S&P Global Ratings.

Í janúar 2017 hækkaði Fitch Ratings lánshæfismat Íslandsbanka í BBB/F3 með stöðugum horfum og staðfesti matið í desember.

Í júní 2018 staðfesti S&P lánshæfismat íslenska ríkisins í A, vegna afnáms gjaldeyrishafta og lækkandi skuldastöðu.

Í október 2017 hækkaði S&P lánshæfismat Íslandsbanka í BBB+/A-2 með stöðugum horfum og staðfesti matið í júlí 2018.

FJÁRFESTATENGLS

Símafundur með fjárfestum á ensku kl. 9.30

Símafundur með markaðsaðilum vegna uppgjörs verður haldinn 2. ágúst kl. 9.30. Farið verður yfir helstu atriði í íslenskum efnahagsmálum og afkomu bankans. Fundurinn verður á ensku.

Vinsamlegast skráið ykkur á símafundinn með að senda póst á: ir@islandsbanki.is. Fundargögn og aðgangsorð vegna símafundar verða send út til skráðra aðila fyrir fundinn.

Afkomufundur á íslensku kl. 10.30

Markaðsaðilum er boðið á opinn fjárfestafund á íslensku 2. ágúst kl. 10.30 sem verður haldinn á 9. hæð höfuðstöðva bankans að Hagasmára 3.

Skráning á fundinn er skilyrði fyrir þátttöku. [Skrá mig á fjárfestafund](#)

Frekari upplýsingar

Öll gögn má finna hér:

<https://www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/fjarfestatengsl/>

Fjárhagsdagatal og þögul tímabil

[Upplýsingar um fjárhagsdagatal bankans og þögul tímabil má finna á vef fjárfestatengsla.](#)

Fjárhagsdagatal

Stefnt er að birtingu árs- og árshlutauppgjörs á neðangreindum dagsetningum:

- Árshlutauppgjör 3F 2018 – 8. nóvember 2018
- Ársskýrsla og ársreikningur 2018 – 14. febrúar 2019
- Aðalfundur – 21. mars 2019

Athugið að dagsetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar.